

FUNDARGERÐ SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA.

249. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 11. mars 2015, kl. 17:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Fundinn sátu:

Pétur Arnarsson, formaður, Guðjón Þórarinn Loftsson og Ragnar Smári Helgason.

Fundarritari: Pétur Arnarsson

Dagskrá:

- 1. Erindi nr. 1411041** Sláturhús. Umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu.
- 2. Erindi nr. 1410048** Sláturhús. Umsókn um byggingarleyfi fyrir fituskilju.
- 3. Erindi nr. 1501124** Höfðabraut 46. Íbúðarhús. Breytingar innanhúss
- 4. Erindi nr. 1503026** Umsókn um framkvæmdaleyfi frá Vegagerðinni

Tekið á dagskrá

- 5. Erindi nr. 1502009** Klapparstígur 7 nýbygging
- 6. Erindi nr. 1503008** Skálholtsvík 4 Stofnun lóðar
- 7. Erindi nr. xxxxxxx** Hvarf í Víðidal breytt notkun húsnæðis
- 8. Erindi nr. 1503019** Hótel Hvammstangi breyting innahúss

Afgreiðslur:

- 1. Erindi nr. 1411041** Mál áður á dagskrá á 244. fundi. Magnús F. Jónsson kt. 210172-4599, fyrir hönd Sláturhús KVH, sækir um byggingarleyfi á viðbyggingu við núverandi atvinnuhúsnæði. Meðfylgjandi teikningar nr. 141002-HV001dags. 25.11.2015 og 141002-HV002 dags. 16.02.2015 (óundirritaðar) unnar af Bjarna Þór Einarssyni hjá Ráðbarði sf. Slökkviliðsstjóri bendir m.a. á að gera þarf grein fyrir brunamótstöðu byggingarhluta, og að ekki er unnt að nota samlokueiningar í viðbyggingu verkstæðis.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindi umsækjanda með fyrirvara um fullnægjandi gögn og að kröfum slökkviliðsstjóra verði fullnægt.

- 2. Erindi nr. 1411048** Mál áður á dagskrá á 244. fundi. Magnús F. Jónsson kt. 210172-4599, fyrir hönd Sláturhús KVH, sækir um byggingarleyfi á fituskilju. Meðfylgjandi teikn. nr. 141003 – HV201 og HV221 unninn af Bjarna Þór Einarssyni hjá Ráðbarði sf.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindi umsækjanda með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

- 3. Erindi nr. 1501124** Mál áður á dagskrá á 247. fundi. Eva Lena Lohi kt. 180261-2579 og Thorgeir Aasland kt. 080363-4359 Höfðabraut 46. Sækja með ódags. erindi um byggingaleyfi til breytinga innanhúss. Sótt er um breytingu á innra skipulagi að breyta bílskúr í íbúð.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindi umsækjanda, þar sem ný gögn liggja fyrir .

4. **Erindi nr. 1503026** Vegagerðin sækir með erindi dags. 3. mars 2015 um framkvæmdaleyfi vegna framkvæmda við Miðfjarðarveg (704) Einnig er sótt um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku í Krókstaðamelum og við Melstað. Samkvæmt teikningum nr. 11.2014, 1 - 3 og nr. 01.2015, 1 - 4 frá hönnunardeild Vegagerðarinnar.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindi umsækjanda með fyrirvara um jákvæðar umsagnir umsagnaraðila.

5. **Erindi nr. 1503026** Birgit Kositzke kt. 171071-2169 sækir með erindi dags. 28. janúar 2015 um byggingaleyfi vegna endurbyggingar á garðhúsi/skúr samkvæmt meðfylgjandi rissteikningum.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindi umsækjanda.

6. **Erindi nr. 1503008** Guðmundur Waage kt. 141175-4409 f.h. eigenda óskar eftir með erindi dags. 24. febrúar 2015 um stofnun lóðar úr landi Skálholtsvíkur lnr. 142227 samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti nr. 1.01 dags. 1.12.2011 unnum af Halli Kristmundssyni byggingafræðingi.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindi umsækjanda.

7. **Erindi nr. xxxxxxxx** Ingvar Ágústsson kt. 050751-4149 f.h. Hafnarstrætis ehf. Kt. 660107-0570 sækir með erindi dags. 11. mars 2015 um samþykki fyrir breyttri notkun bakhúss við frístundahús félagsins á lóð nr. 8 að Hvarfi í Víðidal. Sbr. meðfylgjandi teikn. Nr. HVARF 1 & 2-01-A2 unnum af Teiknistofu Ingimundar Sveinssonar.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindi umsækjanda.

8. **Erindi nr. 1503019** Aðalheiður Dóra Sigurðardóttir kt. 040164-4649 f.h. Hótel Hvammstanga slf. Kt. 680414-0170 Norðurbraut 1 Hvammstanga sækir með erindi dags. 5. mars 2015 um leyfi til þess að breyta innra skipulagi hússins að Norðurbraut 1 sbr. meðfylgjandi teikn. nr. 15-111 100-101 unnum af Runólfi Þ. Sigurðssyni hjá Al-Hönnun ehf. Slökkviliðsstjóri bendir á að svefndeild skal vera sér brunahólf EI-90

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindi umsækjanda, með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

Skipulags- og umhverfissráð bendir á að afgreiðslur ráðsins jafngilda EKKI byggingarleyfi. Byggingarfulltrúi gefur leyfið út þegar öll tilheyrandi gögn hafa borist og sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur staðfest fundargerðina.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:05

Pétur Arnarsson

Guðjón Þórarinn Loftsson

Ragnar Smári Helgason